

Matvælaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Súðavík 15. janúar 2024

Erindi: Úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps 2023/2024.

Árið 2024, Föstudaginn 12. janúar kl. 8:30, var haldinn 18. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

2. Úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík 2023/2024.

Mæting á fundinn.


Fengin fram sjónarmið þeirra hagaðila sem byggðakvótann varða. Skoðanir eru skiptar um mögulegar leiðir til þess að skipta byggðakvóta og um útlagningu reglna sem og verð fyrir landaðan afla. Sveitarstjórn mun freista þess að skila inn ósk um sérreglur sem geta mætt þeim sjónarmiðum. Sveitarstjóra falið að útfæra og skila inn.

Á fundi sveitarstjórnar var ákveðið að skipta 135 tonna kvóta Súðavíkurhrepps (60 tonn úthlutun og 75 tonn vegna úthlutunar 2023) eftirfarandi:

- Flokkur frístundabáta 65 þorskígildistonn með heimild til þess að jafna milli báta innan sömu útgerðar án hámarks á hvern bát, eða samkvæmt þeim reglum sem um gilda.
- Strandveiðibátar/krókaflamarksbátar 40 þorskígildistonn eða hámark 10 tonn á bát.
- Skip/bátar yfir 100 brl. fái úthlutað 30 þorskígildistonn.

Tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst fh. Súðavíkurhrepps,



Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

Erindi: Sérreglur um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavíkurrepp fiskveiðiárið 2023/2024.

Súðavíkurreppur leggur til eftirfarandi sérreglur fyrir úthlutun byggðakvóta til skipa og báta í Súðavík fiskveiðiárið 2023/2024. Súðavíkurreppur fékk úthlutað 60 tonn af byggðakvóta samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 849/2023 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2023/2024 og almanaksárið 2024 sbr. 4. gr. sömu reglugerðar. Eftirstöðvar fyrri ára eru 75 tonn. Til úthlutunar nú eru 135 tonn til úthlutunar fyrir fiskveiðiárið 2023/2024 vegna eftirstöðva któvastöðu og sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 919/2021 um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2023/2024. Eftirfarandi eru reglur í töluliðum ásamt stafliðum, sjá meðfylgjandi greinargerð:

1. Skip og bátar sem geta fengið úthlutun byggðakvóta Súðavíkurrepps: Skip og bátar með heimahöfn í Súðavík til og með 1. júlí 2023 koma til álita við úthlutun hafi gilt veiðileyfi og krókaflamark, frístundaveiða, kvóta eða leyfi til veiða á strandveiðum.
2. Öllum byggðarkvóta og mótframlagi skal landað í Súðavíkurhöfn og ber að merkja sérstaklega byggðarkvóta og tilkynna við löndun skv. áskilnaði í gildandi reglugerð um byggðarkvóta og skal viðkomandi hafa gildan vinnslusamning. Heimilt verði að landa sæbjúgum sem teljist til mótframlags byggðarkvóta samkvæmt þeim stuðlum sem við eiga í flokki 5.c (bátar og skip yfir 100 brl.) í reglum þessum og þannig fallið frá viðmiðum um einungis bolfisk sem andlag byggðarkvóta.
3. Krókaflamarksbátum sem uppfylla skilyrði sbr. 1. gr. verði heimilt að landa fiski í Súðavíkurhöfn sem seldur verður á markað (til vinnslu án staðsetningar) í undantekningartilvikum tímabilið 1. maí til 31. ágúst 2024, komi til þess að útgerð geti ekki tekið á móti fiski s.s. þegar mikill afli berst að landi. Þau tilvik, sem teljast undantekningartilvik, hafi ekki áhrif til skerðingar varðandi mótframlag til byggðarkvóta. Framangreint á einungis við strandveiðibáta /krókaflamarksbáta í flokki 5. b. í reglum þessum og skal vinnslusamningshafi gera grein fyrir því gagnvart Fiskistofu fyrirfram. Þrátt fyrir sölu fisks á markað eða til vinnslu án staðsetningar í slíkum tilvikum skal allt að einu telja afla til mótframlags til byggðarkvóta (sérgreint framlag).
4. Byggðarkvóta er úthlutað *“tonn á móti tonni”* sbr. skilgreiningu gildandi reglugerðar um byggðarkvóta, við úthlutun þarf að leggja fram mótframlag á móti úthlutun innan fiskveiðiársins.
5. Skipting byggðarkvóta Súðavíkurrepps fyrir fiskveiðiárið 1. september 2023 – 31. ágúst 2024, úthlutun auk eftirstöðva frá 2023, alls 135.000 kg:
 - a. Flokkur frístundabáta **65 þorskígildistonn** með heimild til að jafna milli báta innan sömu útgerðar án hámarks á hvern bát, eða samkvæmt þeim reglum sem um gilda.
 - b. Strandveiðibátar/krókaflamarksbátar **40 þorskígildistonn** eða hámark 10 tonn á bát.
 - c. Skip/bátar yfir 100 brl. fá úthlutað **30 þorskígildistonn**.

Greinargerð með sérreglum um byggðakvótaúthlutun og beiðni um undanþágu frá vinnslusamningi vegna löndunar til vinnslu án staðsetningar sbr. 3. gr. reglna Súðavíkurhrepps. Úthlutun byggðakvóta Súðavíkurhrepps 2023/2024.


Í Súðavík er Vestfiskur fyrirtæki þar sem unninn er harðfiskur og uppfyllir vinnslan því skilyrði vinnslusamningshafa. Vinnslan vinnur um 300 tonn til herslu og tekur á móti um 3-400 tonnum af þorski úr sjó. Vestfiskur er eina vinnslan í Súðavík sem getur tekið á móti fiski til vinnslu. Miklar sveiflur í afla sem berst að landi eru því fyrirtækinu erfiðar og örðugt að taka á móti öllum fiski sem berst að landi þegar best lætur.

Í tölulið 3 í sérreglum Súðavíkurhrepps er lagt til að í undantekningartilvikum sé strandveiðibátum / krókaflamarksbátum sem hafa vinnslusamning við Vestfisk heimilt að landa afla sínum í Súðavíkurhöfn og hann telji til framlags fyrir byggðakvóta þrátt fyrir að hann kunni að vera seldur áfram á markað og þannig til vinnslu annars staðar. Sl. ár hefur þetta verið kannski 3 daga yfir sumarið meðan strandveiðar eru. Er því óskað eftir því að við framlagningu sérreglna verði horft til þess að þetta verði heimilað og afli sem þannig er seldur til vinnslu annarsstaðar í þessum tilvikum teljist merkt framlag sem andlag til byggðakvóta.

Einungis 4 bátar eru eftir í Súðavík á strandveiðum sem þetta kann að varða og hafa þeir ekki fengið úthlutaðan byggðakvóta sem þeir hafa getað nýtt undanfarin ár. Þau tilvik þar sem útgerð (vinnslusamningshafi) hefur ekki getað tekið á móti afla frá þeim þrátt fyrir vinnslusamnings hafa valdið mikilli óánægju ofan í ágreining um fiskverð. Þrátt fyrir að þetta hafi aðeins verið um 3-4 dagar á fiskveiðiári hefur þetta valdið því að ekki hefur náðst saman um verkefnið, að semja um afla af strandveiði við vinnslu.

Fallist ráðuneytið ekki á þessi rök er óskað eftir því að þessi liður verði felldur út en tillaga Súðavíkurhrepps um skiptingu byggðakvóta og fyrirkomulag að öðru leyti haldi sér sem sérreglur / úthlutunarreglur fyrir byggðakvóta Súðavíkur fyrir fiskveiðiárið 2023/2024.

Súðavík, 15. janúar 2024,


Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurhrepps


Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

Sveitarfélag:	Súðavíkurhreppur.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Súðavík.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	1. janúar 2024.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Óbreytt.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Óbreytt.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>Heimilt verði að landa sæbjúgum sem andlagi til byggðakvóta í flokki 5.c í reglum Súðavíkurhrepps sbr. skip og bátar yfir 100 brl., samkvæmt þeim stuðlum sem við eiga, þrátt fyrir að sæbjúgu teljist ekki til botnfisksafla sem teljist til þorskígildisstuðla sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 852/2023.</p> <p>Að öðru leyti: Skipting byggðakvóta Súðavíkurhrepps fyrir fiskveiðiárið 1. september 2023 – 31. ágúst 2024, úthlutun auk eftirstöðva, alls 195.000 kg:</p> <ul style="list-style-type: none">d. Flokkur frístundabáta 65 þorskígildistonn með heimild til að jafna milli báta innan sömu útgerðar án hámarks á hvern bát, eða samkvæmt þeim reglum sem um gilda.e. Strandveiðibátar/krókaflamarksbátar 40 þorskígildistonn eða hámark 14,5 tonn á bát.f. Skip/bátar yfir 100 brl. fái úthlutað 30 þorskígildistonn.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>16 frístundabátar gera út frá Súðavíkurhöfn og er fyrirtækið á staðnum og starfsmenn og eignir félagsins (fasteignir). Félagið, Iceland Sea Angling, hefur gert undanfarin ár vinnslusamning við Vestfisk, sem er eina vinnslan á staðnum sem telst geta verið vinnslusamningshafi. Skerðingar og lítill pottur hefur verið til úthlutunar hefur verið staðreynd í þessu kerfi (flokk frístundabáta), en starfsemi félagsins hefur mikla þýðingu fyrir Súðavíkurhrepp.</p>

	<p>Félagið leigir allan kvóta til sín sem út af stendur og landaði fyrir síðasta fiskveiðiár um 175 tonnum úr sjó. Félagið uppfyllir öll skilyrði til úthlutunar fyrir fiskveiðiárið.</p> <p>Einungis 4 krókaflamarksbátar eru eftir í Súðavík sem telst til heimaflota. Ekki náðist saman um vinnslusamning fyrir þá báta, en þeir hafa stundað strandveiðar yfir sumarið. Lagt er til að úthlutað verði til þeirra samkvæmt staflíð b. 40 tonnum eða hámark 10 tonn á hvern þeirra, að uppfylltum öðrum skilyrðum. Þessir bátar hafa undanfarið landað á markað í Bolungarvík þar sem þeir höfðu ekki eða gátu ekki fengið vinnslusamning við einu vinnsluna á staðnum. Inn í það spilar ágreiningur um verð og tilhögun. Aðliar hafa líst yfir vilja til samninga um löndun til vinnslu.</p> <p>Einn togbátur hefur skráða heimahöfn í Súðavík og stundar bolfiskveiðar og veiðar á sæbjúgum. Lagt er til að sæbjúgu, sem hefur verið kvótasettar veiðar á yfirstandandi fiskveiðiári, geti talist til mótframlags til byggðakvóta eftir þeim stuðlum sem við eiga. Um er að ræða eina skipið sem tengist vinnslusamningshafa og stundar veiðar frá Súðavík. Landanir hafa því áhrif á tekjur Súðavíkurhafnar og treysta þá útgerð sem til staðar er. Sæbjúgu eru kvótasett og ættu þar af leiðandi að hafa stuðul til andlags til byggðakvóta samkvæmt viðmiðum sem ráðuneytið telur viðeigandi. Fallist ráðuneyti ekki á slíka tilhögun er óskað eftir því að þetta sérákvæði verði fellt niður en tillaga til úthlutunar haldi sér að öðru leyti.</p>
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
<p>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</p>	<p>6. Heimilt verði að landa fiski í Súðavíkurhöfn og hann seldur á markað (til vinnslu án staðsetningar) í undantekningartilvikum tímabilið 1. maí til 31. ágúst 2024, komi til þess að útgerð geti ekki tekið á móti fiski s.s. þegar mikill afli berst að landi. Þau tilvik, sem teljast undantekningartilvik, hafi ekki áhrif til skerðingar varðandi mótframlag til byggðakvóta. Framangreint á einungis við strandveiðibáta /krókaflamarksbáta í flokki 5. b. í reglum þessum og skal vinnslusamningshafi gera grein fyrir því gagnvart Fiskistofu. Þrátt fyrir sölu fisks á markað eða til vinnslu án staðsetningar í slíkum tilvikum skal allt að einu telja afla til mótframlags til byggðakvóta (sérgreint framlag).</p>
<p>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</p>	<p>Í Súðavík er Vestfiskur fyrirtæki þar sem unninn er harðfiskur og uppfyllir vinnslan því skilyrði vinnslusamningshafa. Vinnslan vinnur um 300 tonn til herslu og tekur á móti um 3-400 tonnum af þorski úr sjó. Vestfiskur er eina vinnslan í Súðavík sem getur tekið á móti fiski til vinnslu. Miklar sveiflur í afla sem berst að landi eru því fyrirtækinu erfiðar og örðugt að taka á móti öllum fiski sem berst að landi þegar best lætur. Í tölulíð 3 í sérreglur Súðavíkurhrepps er lagt til að í undantekningartilvikum sé strandveiðibátum / krókaflamarksbátum sem hafa</p>



vinnslusamning við Vestfisk heimilt að landa afla sínum í Súðavíkurhöfn og hann telji til framlags fyrir byggðakvóta þrátt fyrir að hann kunni að vera seldur áfram á markað og þannig til vinnslu annars staðar. Sl. ár hafa þetta verið kannski 3 dagar yfir sumarið meðan strandveiðar eru. Er því óskað eftir því að við framlagningu sérreglna verði horft til þess að þetta verði heimilað og afli sem þannig er seldur til vinnslu annarsstaðar (vinnsluskylda án staðsetningar) í þessum tilvikum teljist merkt framlag sem andlag til byggðakvóta. Einungis 4 bátar eru eftir í Súðavík á strandveiðum sem þetta kann að varða og hafa þeir ekki fengið úthlutaðan byggðakvóta sem þeir hafa getað nýtt undanfarin ár. Þau tilvik þar sem útgerð (vinnslusamningshafi) hefur ekki getað tekið á móti afla frá þeim þrátt fyrir vinnslusamnings hafa valdið mikilli óánægju ofan í ágreining um fiskverð. Þrátt fyrir að þetta hafi aðeins verið um 3-4 dagar á fiskveiðiári hefur þetta valdið því að ekki hefur náðst saman um verkefnið, að semja um afla af strandveiði við vinnslu.

Fallist ráðuneytið ekki á þessi rök er óskað eftir því að þessi liður verði felldur út en tillaga Súðavíkurhrepps um skiptingu byggðakvóta og fyrirkomulag að öðru leyti haldi sér sem sérreglur / úthlutunarreglur fyrir byggðakvóta Súðavíkur fyrir fiskveiðiárið 2023/2024.

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is.